

f. á., birtir yður þetta, herra amtmaður, sjálfum yður til leið-
beiningar og til þess þér auglýsið það Ólafi bónda Guðmunds-
syni, skorar hún á yður að senda hingað skriflega skuldbindingu
hans um það, sem áður er á minnst; mun síðan hér verða
annast um, að vefstaðurinn verði sendur til Íslands á næstkom-
anda vori.

1860.

9. október.

56. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins 9. október.
yfir Íslandi, um styrk til Rosmhvalanes hrepps.

Í bænarskrá, er hingað barst með bréfi yðar, herra stipt-
amtmaður, 21. aprílm. þ. á., hefir sveitarstjórnin í Rosmhvala-
nes hrepp í Gullbringu sýslu sótt um, að hrepp þessum yrði
á ári hverju veittur 300 ríkisdala styrkur til uppeldis hinum
mörgu holdsveiku mönnum, sem eru þar í sveitinni. Þér hafið
vitnað, að satt væri það, sem í bænarskránni segir um ástandið
í Rosmhvalanes hrepp, og hversu mjög hreppurinn sè þurfandi
fyrir að fá nokkurn lætti í þyngslum þeim, er á honum hvíla;
en að því leyti stungið er upp á, að styrkur sá, sem um er
beðið, verði greiddur annaðhvort úr jafnaðarsjóði suðurumdæmis-
ins, er nú þegar í 3 ár að undanförunu hefir goldið sveit þess-
ari 80 ríkisdali á ári fyrir lyf handa hinum holdsveiku, eður
af þeim 4000 ríkisdölum, sem á ári hverju eru veittir til óvissra
gjalda fyrir Ísland, þá hafið þér látið í ljósi það álit yðar, að
styrkur þessi ekki verði tekinn af fè því, er nú var nefnt; þar
á móti hafið þér vakið máls á því, hvort ekki mætti hjálpa
sveitinni á þann hátt, að henni væru eptir látnir þeir spítala-
hlutir, sem á ári hverju fást þar í hrepp, en þeir hafa nú 5
árin síðustu verið 61 ríkisd. virði á ári að meðaltali, og mundu,
að yðar áliti, nema töluvert meiru ef þeir væru goldnir hreppn-
um í skileyri, en þá 80 ríkisdali á ári, sem hreppurinn nú
sem stendur fær úr jafnaðarsjóði suðurumdæmisins, skyldi hann
ekki fá meðan hann væri aðnjótandi spítalahlutanna.

Um þetta efni skal dómsmálastjórnin geta þess, að þareð
það kæmi í bága við konungsúrskurð 12. ágústm. 1848, sem

1860. kunngjörður er með opnu bréfi 23. s. m., að verja spítalahlut-
 9. október. unum í Rosmhvalanes hrepp á þann hátt, sem þér hafið stungið
 upp á, þá verður ekki tekið í mál að hjálpa sveitinni á þenna
 hátt, að minnsta kosti ekki án þess málið væri borið undir
 álit alþingis; en þegar þess er gætt, að alþingi hefir farið fram
 á, að jafnvel spítalahlutirnir á Vestmannaeyjum, sem hingað
 til ekki hafa runnið í spítalasjóðinn, framvegis skuli renna í
 sjóð þenna, þá eru lítil líkindi til, að þingið mundi fást til að
 fallast á uppástungu, er færi í þá stefnu, sem hér er um rætt;
 þess ber og að geta, að sveitarstjórnin í Rosmhvalanes hrepp
 árið 1854 sótti um styrk úr spítalasjóðnum, en þessu neitaði
 dómsmálastjórnin í bréfi til stiptsyfirvaldanna á Íslandi 14. októ-
 berm. s. á.; þar við bætist, að hreppurinn fengi með þessu
 móti annaðhvort enga eður mjög litla bót á kjörum sínum, ef
 að styrkur sá, er hann nú fær úr jafnaðarsjóði suðurumdæmis-
 ins, ætti að hætta, eins og þér hafið stungið upp á.

En með því stjórninni þætti það mjög æskilegt, ef sveit
 þessari, sem á við svo erfið kjör að búa, yrði hjálpað með
 einhverju móti, eruð þér beðnir, áður en frekara er gjört við
 mál þetta, að láta í ljósi álit yðar um, hvort ekki mundi
 mega greiða úr jafnaðarsjóði suðurumdæmisins nokkru meiri
 styrk til uppheldis hinum holdsveiku í Rosmhvalanes hrepp, en
 gjört hefir verið hin síðustu árin, eptir bréfi dómsmálastjór-
 narinnar 11. desemberm. 1856; þarðauki eruð þér beðnir að
 senda hingað eptirrit af hreppsþókinni, er sýni, hvernig jafnað
 hafi verið niður fátækra útsvari því, er hreppsþúar hafa átt að
 greiða 5 árin síðustu, og hvernig því hafi verið skipt milli þurfa-
 manna, til þess seð verði hlutfallið milli þeirra, er gjalda til
 sveitar, og þurfamanna, og verður því að tilgreina tölu hvoru-
 tveggja.

Að síðustu eruð þér beðnir að senda dómsmálastjórninni
 skýrslu, byggða á upphæð sveitarútsvaranna, um það, hversu
 mikil sveitarþyngslin eru í Rosmhvalaneshreppi í samanburði
 við aðra hreppa í suðurumdæminu, og sérílagi í Gullbringu
 sýslu.